

d. (13. gr.)

Lánstími og útborgun láns.

Lán samkvæmt þessum kafla koma til greiðslu þegar framkvæmdum er lokið eða samkvæmt kauptilboði.

Lánstími skal vera allt að 25 ár.

e. (14. gr.)

Uppgreiðsla.

Sé rekstri húsnæðis, sem lánað hefur verið til samkvæmt þessum kafla, hætt eða það tekið undir annan rekstur, skal áhvílandi lán Íbúðalánasjóðs greitt upp. Þinglýsa skal kvöð þess efnis á eignina samhliða þinglýsingu lánsins.

Tilkynna skal Íbúðalánasjóði um breytingar skv. 1. mgr. án ástæðulausrar tafar.

3. gr.

39. gr. reglugerðarinnar, með síðari breytingum, orðast svo:

Eigið framlag og afgreiðsla lánsúmsókna.

Umsækjendur skulu sýna fram á það, við lánsúmsókn hjá Íbúðalánasjóði, að þeir hafi fjárhagslegt bolmagn til að greiða þann hluta af byggingarkostnaði eða kaupverði íbúðar sem ekki fæst lánað til skv. 41. gr. Því til staðfestingar skal leggja fram ábyrgð af hálfu fjármála- stofnunar eða annað sem Íbúðalánasjóður metur gilt.

Íbúðalánasjóður aðgætir hvort úmsókn samræmist reglum sjóðsins, ákvæðum reglugerðar þessarar svo og ákvæðum laga um húsnæðismál. Íbúðalánasjóður tilkynnir síðan umsækjanda um afgreiðslu sína á úmsókn hans.

Íbúðalánasjóður hefur heimild til að afturkalla veitt lánsvilyrði ef verulegar breytingar verða á upphaflegum forsendum sem lágu til grundvallar lánsvilyrðum sjóðsins, svo sem þegar framkvæmdir dragast mjög á langinn eða ef verulegar breytingar verða á eignarhaldi félags sem fengið hefur lánsvilyrði.

4. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 16. gr. laga um húsnæðismál, nr. 44/1998, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 13. febrúar 2004.

Árni Magnússon.

Óskar Páll Óskarsson.

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Reykjanesbæ.

Deiliskipulag við Víkurbraut 29, Iðjustíg 1, Krossmóa 2 og opin svæði í bæjarlandi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Reykjanesbæjar þann 6. janúar 2004 samþykkt deiliskipulag við Víkurbraut 29, Iðjustíg 1, Krossmóa 2 og opin svæði í bæjarlandi. Deiliskipulagið tekur til svæðis við Víkurbraut 29, Iðjustíg 1, Krossmóa 2 og opin svæði í bæjarlandi og gerir ráð fyrir tveimur fjölbýlishúsum við Víkurbraut 29, atvinnu- húsnæði við Iðjustíg 1 og veitingahúsi við Krossmóa 2.

Deiliskipulag við Hafnargötu 91 og 93.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Reykjanesbæjar þann 6. janúar 2004 samþykkt deiliskipulag við Hafnargötu 91 og 93.

Deiliskipulagið tekur til svæðis við Hafnargötu 91 og gerir ráð fyrir blandaðri starfsemi stofnana, þjónustu, verslunar og íbúða.

Greinargerðir og uppdættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir um.

Deiliskipulögin öðlast þegar gildi.

Reykjanesbæ, 13. febrúar 2004.

Viðar Már Aðalsteinsson,
framkvæmdastjóri umhverfis- og skipulagssviðs.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að gangbrautarljós verði sett á Kringlumýrabraut, norðan Hamrahlíðar.

Ákvörðun þessi öðlast gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 10. febrúar 2004.

Böðvar Bragason.

AUGLÝSING

**staðfestingar á breytingu á skipulagsskrá fyrir
Námssjóð Hraðfrystihúss Eskifjarðar nr. 718 7. desember 1998.**

Stjórn Námssjóðs Hraðfrystihúss Eskifjarðar hf. hefur samþykkt þá breytingu á skipulagsskrá sjóðsins, sem staðfest var 3. desember 1998 að nafn sjóðsins verði hér eftir Náms-
sjóður Eskju hf.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Námssjóð Hraðfrystihúss Eskifjarðar staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 5. febrúar 2004.

F. h. r.
Drífa Pálsdóttir.

Bryndís Helgadóttir.